

AUGLÝSING

**um friðunarsvæði, þar sem eldi laxfiska
(fam. salmonidae) í sjókvíum er óheimilt.**

1. gr.

Til verndunar villtum laxastofnum er eldi laxfiska af eldisstofni í sjókvíum óheimilt á eftirtöldum svæðum við strendur landsins:

1. Í Faxaflóa innan línu sem dregin er frá Garðskaga að Malarriði á Snæfellsnesi.
2. Í Breiðafirði innan línu sem dregin er frá Hellissandi að Látrabjargi.
3. Í Húnaflóa og Skagafirði innan línu sem dregin er frá Geirólfsgrúpu að Siglunesi.
4. Við Skjálfaða innan línu sem dregin er frá Bjarnarfjalli að Tjörnesstá.
5. Við Norðausturland innan línu sem dregin er frá Hraunhafnartanga að Fonti á Langanesi og frá Fonti að Glettinganesi.

2. gr.

Auglýsing þessi er sett samkvæmt heimild í 77. gr. laga nr. 76/1970 um lax- og silungsveiði með síðari breytingum og öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur úr gildi auglýsing nr. 226/2001 um friðunarsvæði þar sem eldi frjónna laxfiska (*Salmo salar*) í sjókvíum er óheimilt.

Landbúnaðarráðuneytinu, 27. maí 2004.

Guðni Ágústsson.

Guðmundur B. Helgason.